



Náttúrufræðistofa Kópavogs
Hamraborg 6-A, 200 Kópavogur
www.natkop.is

B.t. Atvinnuveganefndar Alþingis

Kópavogi, 25.11.2014

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofu Kópavogs um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Þingskjal 392 — 321. mál.

Fyrsta grein þingsályktunartillögunnar fjallar um viðmið varðandi lagningu raflína og meginreglur settar fyrir þá þrjá flokka sem flutningskerfinu er skipt í. Umsögnin lítur að viðmiðum undantekningartilfella í öllum flokkunum þremur auk þess sem skerpt er á mikilvægi rannsókna.

Náttúrufræðistofa Kópavogs gerir athugasemdir í 5 liðum:

1. *Í lið 1.1. Lágspennt dreifikerfi raforku segir að „Í hinu lágspennta dreifikerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við jarðstrengi við lagningu raflína eða endurnýjun eldri lagna. Í rökstuddum undantekningartilvikum skal vera heimilt að notast við loftlínur, vegna sérstakra ástæðna.“*

Undir þetta er tekið, enda geta ævinlega komið fram sérstakar aðstæður sem krefjast sérstakra úrlausna.

2. *Í lið 1.2. Landshlutakerfi raforku kemur fram að meginreglan skuli vera að leggja jarðstrengi, en miðað skuli við að kostnaður við lagningu jarðstrengs skuli ekki nema meiru en 1,5 sinnum kostnaðar við loftlínu. Þó skuli heimilt í rökstuddum undantekningartilfellum að víkja frá þessu t.d. ef fram komi í umhverfismati að loftlína sé betri kostur.*

Hér þarf að bæta við að jafnframt skuli heimilt í undantekningartilfellum að víkja frá reglu um hámarkskostnaðarmun við lagningu jarðstrengs **og fara fram yfir 1,5 sinnum kostnað við loftlínu**, enda geta ævinlega komið fram sérstakar aðstæður sem krefjast sérstakra úrlausna.

3. *Í lið 1.3. Meginflutningskerfi raforku kemur fram að „í meginflutningskerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum eða umhverfis- eða öryggissjónarmiðum. Með tilliti til umhverfis- og öryggissjónarmiða skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið, eða afmörkuðum köflum hennar, á grundvelli eftirfarandi viðmiða sem réttlæta þá að dýrari kostur sé valinn:*

1. *Ef línuleið er innan skilgreinds þéttbýlis, sbr. skilgreiningu á þéttbýli í 2. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.*
2. *Ef línuleið er innan friðlands sem verndað er sökum sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.*
3. *Ef línuleið er við flugvöll þar sem sýnt er að loftlína geti haft áhrif á flugöryggi.*
4. *Ef línuleið er innan þjóðgarðs.*
5. *Ef línuleið er innan friðlands sem verndað er af öðrum sökum en sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.*

*Í framangreindum tilvikum skal meta hve langan jarðstreng er tæknilega mögulegt að vera með á viðkomandi stað í meginflutningskerfinu, kostnað og hvaða áhrif útfærslan hefur á afhendingaröryggi og gæði raforku. **Ef í framangreindum tilvikum kostnaður við að leggja jarðstreng er ekki meiri en 1,5 sinnum kostnaður við loftlínu á viðkomandi kafla skal miða við að leggja jarðstreng, nema ef ekki er talið tæknilega mögulegt að leggja jarðstreng eða ef loftlína er í umhverfismati talin betri kostur á grundvelli umhverfissjónarmiða. Við samanburð á kostnaði skal miða við núvirtan stofnkostnað og rekstrarkostnað yfir líftíma mannvirkisins. Reglan um hámarkskostnaðarmun gildir þó ekki þegar um er að ræða skilgreint þéttbýli eða friðland sem verndað er sökum sérstaks landslags eða að teknu tilliti til flugöryggis, sbr. 1.–3. tölul.“***

- a) Gullitaða setningin hér að ofan væri betri svona: „Ef kostnaður við aðleggja jarðstreng í framangreindum tilvikum er ekki meiri en 1,5 sinnum kostnaður við loftlínu.....“.
- b) Lagt er til að sjötta liðnum verði bætt við upptalningu á viðmiðum: „6. Í rökstuddum undantekningartilfellum er heimilt að víkja frá reglum um hámarkskostnaðarmun og velja dýrari kost, enda geta ævinlega komið fram sérstakar aðstæður sem krefjast sérstakra úrlausna.“

Með þessu er skapað rými til að horfa t.d. til svæða á náttúruminjaskrá, bregðast við öðrum sérstökum aðstæðum og **umhverfissjónarmiðin ekki einvörðungu bundin við svæði sem vernduð eru með lögum eða bundin öryggissjónarmiðum**. Hér er rétt að horfa sérstaklega til umhverfiskostnaðar og þjóðhagslegrar hagkvæmni jarðstrengja, sbr. þriðju grein tillögunnar um auknar rannsóknir.

- c) Furðulegt er að undanþága frá reglunni um hámarkskostnaðarmun gildi ekki um **öll svæði** sem talin eru upp í töluliðum 1–5, en ekki einungis svæði í 1.–3. tölulið eins og nú er. Dregið er í efa að markmið sem sett eru fram í lið 1.4 náist ef kostnaðarviðmið eru mjög þröng.

4. **Í 3. grein þingsályktunartillögunnar er fjallað um „freakari rannsóknir á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að aukið hlutfall flutningskerfis raforku verði haft í jörðu, með tilliti til raforkuverðs til heimila og atvinnulífs, afhendingaröryggis, byggðaþróunar, tæknilegra lausna og umhverfiskostnaðar. Eftir því sem niðurstöður slíkra rannsókna gefa tilefni til skal endurskoða og uppfæra stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.“**

Tekið er undir að slíkra rannsókna sé þörf, sérstaklega þegar kemur að tæknilegum lausnum og umhverfiskostnaði. Ljóst má vera að verulegrar þróunar tæknilegra lausna í jarðstrengjagerð er að vænta, enda er töluverður þrýstingur víða erlendis á að flutningskerfi fyrir raforku verði lagt í jörð, eins og fram kemur í þriðja lið athugasemda við þingsályktunartillöguna um stefnu nágrannþjóða okkar. Jafnframt getur mat á umhverfiskostnaði tekið örur breytingum s.s. vegna breyttrar landnotkunar. Því er lagt til að við þessa grein bætist: „Slíkar rannsóknir skulu framkvæmdar af hæfum og óháðum aðilum, þær skulu endurskoðaðar reglulega og taki ævinlega mið af bestu upplýsingum á hverjum tíma.“

5. Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna kemur fram að atvinnuveganefnd bendi á „að meta [þurfi] hvert verkefni fyrir sig“ enda geti aðstæður verið mjög mismunandi (sbr. 3. málsgrein liðar 1.2. Álit atvinnuveganefndar vegna skýrslu). Í þingsályktunartillögu þessari er ekki kveðið á um slíkt, en full ástæða þykir til að gera svo. Slíkt mat byggir á vönduðum rannsóknum og bestu fáanlegum upplýsingum á hverjum tíma. Því er mikilvægt að ævinlega sé horft til nýjustu tækni og að nægur sveigjanleiki sé til staðar í áætlanagerð þannig að hægt sé að nýta þá tækni þegar hún verður aðgengileg. Jafnframt ber á hverjum tíma að skilgreina vandlega og meta umhverfiskostnað, bæði á stórum og smáum skala, þegar kemur að mati á því hvort einungis skuli miða við hámarkskostnaðarmun, eða taka jafnframt tillit til annarra þátta þar sem aðstæður eru sérstæðar.

Virðingarfyllst

F.h. Náttúrufræðistofu Kópavogs

Finnur Ingimarsson
